



Outlook

Nýsköpunarstefna suðurlands

From Margrét Pollý Hansen Hauksdóttir <polly@hfsu.is>

Date Wed 2025-12-10 09:39

To Hulda Kristjánsdóttir <hulda@floahreppur.is>

Sæl Hulda

Háskólafélag Suðurlands og Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa undirritað samning vegna áhersluverkefnisins „Nýsköpunarstefna fyrir Suðurland“. Verkefnið, sem styrkt er af Sóknaráætlun Suðurlands, felur í sér að Háskólafélagið leiði mótun heildstæðrar stefnu til að samræma og efla nýsköpunarstarf í landshlutanum.

Slík stefna verður þó ekki mótuð á eins manns borði. Hún kallar á virka þátttöku fjölmargra aðila sem hafa hag af því að hún verði metnaðarfull, raunhæf og síðast en ekki síst að hún sé nýtt. Nýsköpunarstefnan þarf að endurspegla fjölbreytt svæði og ólíkt atvinnulíf landsfjórðungsins og því er verið að mynda samráðshópa sem koma að vinnunni.

Við viljum því bjóða ykkur að taka þátt í mótun stefnunnar og óskum eftir því að þið tilnefnið fulltrúa til þess að taka þátt í:

- tveimur rafrænum vinnustofum í janúar og í maí
- einni staðbundinni vinnustofu á Selfossi í mars
- að svara lauflettum könnunum þess á milli

Vinsamlegast sendið okkur nafn, starfsheiti og netfang þess fulltrúa sem þið tilnefnið svo að unnt sé að senda upplýsingar og stutta netkönnun áður en að fyrsta rafræna vinnustofan fer fram í lok janúar.

Til upplýsinga þá munu byggðapróunarfulltrúar SASS taka þátt í mótun stefnunnar. Ef sveitarfélag á þess ekki kost að tilnefna fulltrúa, þá verður byggðapróunarfulltrúinn sjálfkrafa fulltrúi þess.

Aðeins um Háskólafélag Suðurlands, þá er hlutverk þess að skapa ný tækifæri, opna á möguleika fólks að sækja sér aukna menntun, vera leiðandi í nýsköpunarstarfi á Suðurlandi og hvetja atvinnulíf og fyrirtæki til þátttöku í nýsköpunarverkefnum. Nokkur spennandi verkefni eru í þípunum sem gaman verður að segja frá í vinnunni sem framundan er.

Mikilvægur hluti vinnunnar í stefnumótun er að hlusta og skilja hvaða tækifæri eru að opnast og hverjar helstu áskoranir næstu ára verða. Nýsköpunarstefnan verður sameiginlegur áttaviti fyrir Suðurland til að vinna úr þeim tækifærum sem eru fram undan og mæta áskorunum á öllum sviðum. Hún verður lykilþáttur í að auka búsetugæði á svæðinu og virkja það frumkvæði sem þegar er til staðar meðal íbúa, fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga. Með því að sameina krafta allra lykilaðila fáum við skýra og samræmda sýn til framtíðar um hvernig nýsköpun getur leitt til aukinnar verðmætasköpunar.

Okkur hlakkar til þess að hefja þessa vinnu og erum þakklát fyrir að fá tilnefningu við fyrsta tækifæri.

Með bestu kveðjum,

Margrét Pollý Hansen, verkefnastjóri nýsköpunar Háskólafélags Suðurlands og

Ingveldur Sæmundsdóttir, framkvæmdastjóri Háskólafélags Suðurlands

Margrét Polly Hansen

Verkefnastjóri nýsköpunar



Fjölheimum, Tryggvagötu 13

800 Selfossi

www.hfsu.is

www.fjolheimar.is



Bókaðu tíma til að hitta mig